

Ytra mat grunnskóla

Grunnskólinn í Þorlákshöfn

nóvember 2018

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Sveitarfélagið Ölfus.

Höfundar: Kristín Sigurðardóttir og Oddný J. Eyjólfsdóttir

© Menntamálastofnun, 2018.

ISBN 978-9979-0-2305-0

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	4
Skólaprófill.....	7
Upplýsingar um skólann: Grunnskólinn í Þorlákshöfn	8
Niðurstöður	9
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	9
1.1 Faglegt samstarf og samræða	9
1.2 Samvirkni í stefnumótun	9
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	10
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	11
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	11
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	12
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	12
Þáttur 2 – Nám og kennsla	15
2.1 Inntak og námskrá	15
2.2. Árangur náms	15
2.3 Gæði kennslu	19
2.4 Skipulag náms.....	20
2.5 Námsvitund	21
2.6 Ábyrgð og þátttaka	21
Þáttur 3 – Innra mat	23
3.1 Skipulag.....	23
3.2 Framkvæmd.....	23
3.3 Umbætur	23
Þáttur 4 – Skólastarf og námsaðstæður í skóla án aðgreiningar.....	25
4.1 Menning og viðhorf	25
4.2 Námskrá og áætlanir	25
4.3 Upplýsingamiðlun og samskipti.....	25
4.4 Starfshættir.....	26

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Grunnskólanum í Þorlákshöfn sem fór fram á haustönn 2018. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrír fyrirfram ákveðnir en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla, innra mat og að ósk skóla og sveitarfélags var fjórði þáttur skólastarf og námsaðstæður í skóla án aðgreiningar.*

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

Stjórnun og fagleg forysta

Styrkleikar

- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna starfið í skólanum og reglulega eru faglegir samstarfsfundir þar sem árangur og aðferðir eru ræddar og ígrundun og samræða um starfshætti fer fram.
- Skólastefna sveitarfélags, aðalnámskrá og stefna skólans eru sýnilegar í starfsháttum og stefnan er rædd meðal starfsmanna.
- Samskipti við foreldra eru góð og gagnvirk og leitað er eftir sýn og hugmyndum foreldra til að efla skólastarfið bæði formlega og óformlega
- Upplýsingum um skólastarfið er dreift til allra í nærsamfélaginu og lögð er rækt við jákvæða viðburði og fréttir.
- Heimasíðan er virk og inniheldur réttar og hagnýtar upplýsingar.
- Hagsmunaaðilar skólasamfélagsins koma að endurskoðun skólareglna.
- Nýir starfsmenn og nýútskrifaðir kennarar fá sérstakan stuðning og tengilið innan starfshópsins.
- Mannauður er vel nýttur og leiðtogar innan skólans leiða og bera ábyrgð á verkefnum sem snúa að skólastarfinu.

Tækifæri til umbóta

- Vinna kennslufræðilega stefnu skólans og stefnu varðandi kennsluhætti.
- Gera grein fyrir í áætlunum um nám og kennslu hvernig unnið er með stefnu skólans.
- Vinna áætlun um þróunarstarf, ljúka vinnu við forvarnaráætlun og jafnréttisáætlun og vinna áætlun um öryggis- og slysavarnir.
- Skrá hvernig samstarfi við framhaldsskóla er hagað.
- Skrá verklag um hvernig gögn um árangur og líðan svo sem kannanir og skimanir eru nýttar í skipulag kennslu til að efla árangur nemenda.
- Leggja áherslu á að koma tónmenntakennslu inn í stundatöflur nemenda til samræmis við viðmiðunarstundaskrá.
- Uppfylla viðmiðunarstundaskrá hvað varðar list- og verkgreinakennslu.
- Sjá til þess að kennslustundir í valgreinum séu fimmtungur af heildarkennslustundafjölda nemenda í 8.-10. bekk.
- Skrá ferli um samskipti og lausn ágreiningsmála meðal starfsfólks sbr. rg. 1009/2015.
- Innleiða formlega endurgjöf til kennara í kjölfar reglulegra heimsókna í kennslustundir t.d. með jafningjamati eða mati stjórnenda.

Nám og kennsla

Styrkleikar

- Skólanámskrá endurspeglar áherslur stjórnvalda og skólastefnu sveitarfélagsins, bekkjarnámskrár eru greinargóðar og tilgreina leiðir til að mæta þessum áherslum.
- Stuðningur við einstaka nemendur er skipulagður með rökstuddri einstaklingsnámskrá.
- Gerð er grein fyrir viðmiðum og matskvörðum í bekkjarnámskrám.
- Námsmat tengist markmiðum náms og hæfniviðmiðum.
- Nemendum er gert kleift að vinna að hluta til að samþættum og heildstæðum verkefnum.
- Aðstaða hvað varðar húsnæði og tækjakost er til fyrirmyndar, nemendur geta nýtt námsumhverfi á fjölbreyttan hátt og hafa aðgang að fjölbreyttum námsgögnum.
- Foreldrar eru með í ráðum við gerð einstaklingsnámskráa og nemendum er, í vaxandi mæli eftir aldri þeirra, gefið tækifæri til að taka þátt í markmiðasetningu í einstaklingsnámskrám.
- Samskipti í skólasamfélaginu virðast um margt vera jákvæð, lýðræðisleg og einkennast af virðingu.
- Leitað er eftir sjónarmiðum nemenda um nám, líðan og fyrirkomulag skólastarfs og skráð verklag er til um hvernig þeirra er aflagð.
- Sjónarmið nemenda hafa áhrif á nám, aðbúnað og aðstæður þeirra í skólanum.

Tækifæri til umbóta

- Tengja grunnþætti menntunar og áætlanir um nám í bekkjarnámskrár og kennsluáætlanir.
- Tilgreina í bekkjarnámskrám og kennsluáætlunum hvernig námsaðlögun er háttað.
- Ljúka vinnu við útfærslu á mati á lykilhæfni nemenda og tengja við bekkjarnámskrár.
- Skrá markmið kennslustunda og verkefna í kennsluáætlanir og gera nemendum grein fyrir þeim markmiðum.
- Veita bráðgerum nemendum námstækifæri við hæfi.
- Virða virkan námstíma nemenda þannig að skerðing verði ekki á kennslustundum í tengslum við íþrótt- og sundtíma.
- Gæta þess að heimanámsaðstoð og stuðningskennsla við kjarnagreinar sé ekki skilgreint sem valgreinar í unglingadeild.

Innra mat

Styrkleikar

- Í skólanámskrá er umfjöllun um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf.
- Mat á námi og framförum nemenda fer reglulega fram með einhverjum hætti.
- Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda og við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli.
- Greinargerð um innra mat er til staðar þar sem koma fram grundvallarupplýsingar um matið og þar er fjallað um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta.
- Umbótum er kerfisbundið fylgt eftir og skólinn getur sýnt fram á umbætur sem raktar eru til innra mats.

Tækifæri til umbóta

- Meta kennslu og fagmennsku kennara sem og nýjungar í kennsluháttum reglulega.

- Byggja val matsþátta með skýrum hætti á stefnu skólans, markmiðum og helstu viðfangsefnum.
- Meta markmið í stefnu skólans með einhverjum hætti reglubundið og skilgreina viðmið um þann árangur sem stefnt er að.
- Nýta niðurstöður úr ytra mati sem og niðurstöður samræmdra könnunarprófa, kannana og skimana í innra mati.
- Fjalla um í greinargerð um innra mat að hve miklu leyti markmið skólans hafa náðst.
- Kynna niðurstöður úr innra og ytra mati formlega fyrir hagsmunaaðilum og tryggja að fram fari umræða um þróun og úrbætur.

Skólastarf og námsaðstæður í skóla án aðgreiningar

Styrkleikar

- Sameiginleg sýn kemur fram í skólastefnu Ölfus um nám og kennslu án aðgreiningar og stefna skólans endurspeglar skóla án aðgreiningar.
- Sýnilegt er í skólanum að hann þjónar margbreytilegum hópi einstaklinga.
- Gagnkvæm virðing ríkir meðal aðila skólasamfélagsins.
- Heildaráætlun um skipulag stuðnings við nemendur er unnin árlega og þar er gerð grein fyrir hvernig nemendum er mætt.
- Í bekkjarnámskrám eru upplýsingar um próf og skimanir sem framkvæmd eru og dregið geta fram þá nemendur sem þurfa sérstakan stuðning.
- Umsjónarkennarar bera ábyrgð á einstaklingsnámskrám en njóta stuðnings deildarstjóra sérkennslu.
- Teymisfundir um málefni einstakra nemenda eru reglulegir og m.a. notaðir til að meta framvindu samkvæmt einstaklingsnámskrá.
- Unnið er eftir skráðu skipulagi um samskipti við leikskóla vegna nemenda sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda.
- Móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir er hluti af skólanámskrá og birt á heimasíðu.
- Starfsfólk vinnur í teyrum og deilir ábyrgð á námi og velferð nemenda.

Tækifæri til umbóta

- Móta formlega og skrá sameiginlega sýn um skóla án aðgreiningar í samræðu og samvinnu starfsfólks, foreldra og nemenda.
- Setja nemendaverndarráði starfs- og verklagsreglur til samræmis við ákvæði í reglugerð.
- Skrá með formlegum hætti verklag og samskipti við framhaldsskóla vegna nemenda með sérþarfir sem færast á milli skólastiga, þ.e. tilfærsluáætlun.
- Leitast við að veita sérkennslu og stuðning í meira mæli í námshópi nemenda.

Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófilar skóla eru ekki samanburðarhæfir milli þeirra skóla sem metnir voru á árunum 2013 til hausts 2018. Eftir það tekur nýtt matstæki og nýr litaskali við.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Samvirkni í stefnumótun	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námssvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í-samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4	grænt	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5	Grænt og gult	Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5	gult	Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5	rautt	Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Upplýsingar um skólann: Grunnskólinn í Þorlákshöfn

Grunnskólinn í Þorlákshöfn stendur við Egilsbraut 35. Skólinn er í þéttbýli Þorlákshafnar og er heildstæður grunnskóli með nemendur frá 1.-10. bekk. Skólinn var stofnaður 1956 og einkunnarorð hans eru *vinátta – virðing - velgengni*. Á haustönn 2018 eru 221 nemandi í skólanum og búa þeir allir í þéttbýli Þorlákshafnar utan þriggja nemenda sem búa í dreifbýli og er ekið í skólann.

Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	23	20	19	21	26	29	22	29	14	18
Fjöldi bekkjardeilda	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1

Teymiskennsla er hjá 5., 6. og 8. bekk þar sem tveir kennarar eru í öllum kennslustundum.

Hlutfall nemenda af erlendum uppruna er 21% eða 46 nemendur og stundar einn nemandi nám á öðru skólastigi.

Nemendur sem fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og nemendur með skilgreinda sérkennslu eftir bekkjum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Íslenska sem annað tungumál	5	5	3	4	3	3	3	0	1	0
Einstaklingsnámskrá	0	5	1	1	4	6	2	1	3	4
Sérkennsla og aðlagað námsefni	3	6	2	2	5	8	3	4	3	4

Fjöldi kennslustunda sem fallið hafa niður á skólaárinu eftir bekkjum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi kest.	0	0	0	0	6	2	5	7	2	2

*valgreinar eru sumar kenndar þvert á 8.-10. bekk. Kennslustundir sem felldar hafa verið niður í valgreinum eru 11.

Stjórnendur eru þrír, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri stoðþjónustu. Kennarar eru 31 í 26,6 stöðugildum og þar af eru tveir leiðbeinendur í 1,5 stöðugildum (annar með B.Ed.). Við skólann starfa tveir þroskaþjálfar í 100% starfi, námsráðgjafi í 70% starfi, sex stuðningsfulltrúar í alls 5,1 stöðugildum, skólaritari í 80% starfi, húsvörður í fullu starfi, bókaforstjóri í 90% starfi, tveir skólaliðar í fullu starfi og þrír skólaliðar í 80% starfi, tveir starfsmenn í mötuneyti í fullu starfi, forstöðumaður frístundar í 70% starfi og þrír starfsmenn í frístund í 1,5 stöðugildum.

Niðurstöður

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Faglegt samstarf og samræða	Samvirkni í stefnumótun	Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklags-reglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-----------------------------	-------------------------	---	---------------------------------	---------------------------------------	---------------------------------------	--

1.1 Faglegt samstarf og samræða

Í Grunnskólanum í Þorlákshöfn skapa stjórnendur svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun starfsmanna innan og utan skólans og hafa forystu um að starfsmenn kynni sér nýja þekkingu um skólastarf. Fundir eru tvisvar í viku. Á þriðjudögum eru nefndarfundir og stigsfundir auk formlegra kennarafunda. Fimmtudagsfundir eru fjölbreyttir en þá eru meðal annars námskeið, fyrirlestrar og leshringir. Á þessum faglegu samráðsfundum eru árangur og aðferðir ræddar og fram fer ígrundun og gagnrýnin samræða um starfshætti en að öðru leyti gera kennarar stjórnendum ekki grein fyrir hvernig þeir auka gæði náms og kennslu.

Almennir starfsmenn eru á starfsmannafundum einu sinni til tvisvar í mánuði og auk þess eru þeir boðaðir á fræðslufundi þegar við á.

Símenntunaráætlun nær til allra starfsmanna og innan hennar rúmast einstaklingsbundnar forsendur til starfsþróunar. Fram kom að stjórnendur eru virkir í að deila upplýsingum um tækifæri til starfsþróunar, svo sem í vikupóstum, og starfsmenn eru sömuleiðis hvattir til að miðla þekkingu innan hópsins. Starfsmenn geta sótt námskeið innan bundins vinnutíma. Fólk í framhaldsnámi getur sótt námslotur á vinnutíma og starfsmenn sem eru í námi stuðningsfulltrúa sömuleiðis. Fram kom að almennir starfsmenn og kennarar skila skólastjóra yfirliti yfir símenntun sína.

Aðilar voru sammála um að lýðræðisleg vinnubrögð einkenndu samstarfið í skólanum. Sem dæmi var nefnt að þegar ákveðið var að innleiða Uppeldi til ábyrgðar voru nokkrar stefnur kynntar og síðan valið með kosningu. Skólastjóri fundar með nemendaráði. Fjórir kennarar eru stigstjórar og funda reglulega með sínu stigi, halda fundargerðir og skila stjórnendum. Fram kom að fulltrúi foreldra og fulltrúi grenndarsamfélags voru beðnir af skólastjóra um að sitja í skólaráði. Fulltrúar nemenda í 9. og 10. bekk sem kosnir eru í nemendaráð sitja í skólaráði.

1.2 Samvirkni í stefnumótun

Gerð er grein fyrir skólastefnu Grunnskólans í Þorlákshöfn í skólanámskrá sem er á heimasíðu. Einkunnarorð skólans *vinátta - virðing - velgengni* endurspeglar stefnuna og er hún sýnileg í starfsháttum. Stefna skólans rímar við stefnu sveitarfélagsins en í skólanámskrá má sjá hana í hnotskurn. Fram kom að fjallað er reglulega um stefnu skólans og hún endurskoðuð, svo sem á matsdegi að vori með öllum starfsmönnum.

Stefna aðalnámskrár er sýnileg í stefnu og störfum skólans. Í almennum hluta skólanámskrár sem er aðgengilegur í einu skjali á heimasíðu skólans er gerð grein fyrir grunnþáttum menntunar og hvernig þeir birtast í daglegu starfi. Í haust var samþykkt læsisstefna sveitarfélagsins fyrir leik- og grunnskóla. Skólinn hefur fengið vottun Grænánaverkefnisins, fyrir liggur umhverfisstefna til ársloka 2019 og starfandi er umhverfisnefnd. Í skólareglum er áhersla á heilsusamlegt nesti og í morgunhressingu

geta nemendur verið í mjólkur- og ávaxtaáskrift. Haldnir eru bekkjarfundir, á stundaskrá eru lífsleiknitímar og nemendaráð fundar reglulega.

Í almennum hluta skólanámskrár er hvorki sett fram kennslufræðileg stefna skólans né stefna um kennsluhætti. Fram kom að í lestrarkennslu byggir skólinn á hljóðaaðferð í samræmi við nýsamþykktu læsistefnu sveitarfélagsins. Í haust hófst innleiðing á uppeldisstefnunni Uppeldi til ábyrgðar. Í símenntunaráætlun kemur fram að margir kennarar taka þátt í verkefninu Forritarar framtíðarinnar og á vettvangi sást að í þremur árgöngum er verið að innleiða teymiskennslu. Ekki hefur verið mótuð stefna um heimanám. Umbótaáætlun er í sjálfsmatsskýrslu á heimasíðu skólans en ekki er gerð grein fyrir þróunarstarfi skólans. Forvarnaráætlun er í vinnslu, eineltisáætlun er til staðar en ekki liggur fyrir skráð ferli um samskipti og lausn ágreiningsmála meðal starfsfólks sbr. rg. 1009/2015. Áætlun um öryggi og slysavarnir er ekki til staðar og jafnréttisáætlun tekur að mestu mið af jafnrétti starfsmanna á vinnustaðnum en í skólanámskrá kemur fram að það eigi að uppfæra hana á þessu skólaári.

Starfsáætlun 2018-2019 er birt í einu skjali á heimasíðu skólans. Þar er flestum efnisatriðum samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla haldið til haga. Ekki er gerð grein fyrir tilhögun kennslu eða kennsluáætlunum og ekki er skráð hvernig unnið er með stefnu skólans. Starfsáætlanir foreldrafélags og nemendafélags liggja ekki fyrir og ekki er fjallað um viðbrögð við vá, svo sem veikindafaraldri, óveðri, eldgosum eða jarðskjálftum.

Aðilar voru sammála um að í daglegu tali og frétttaflutningi leggðu stjórnendur áherslu á það jákvæða í skólastarfinu. Kennarar eru hvattir til að senda foreldrum reglulega fréttir af starfi í bekkjum og föstudagspósta með jákvæðum fréttum. Skólastjóri fær afrit af þessum póstum.

Nemendur höfðu einkunnarorð skólans á takteinum og foreldrar sögðu að margir nemendur væru í hettupeysum með merki skólans.

Foreldrum og nemendum er kynnt sýn og stefna skólans og fram kom að stjórnendur eiga aðkomu að stefnumörkun sveitarfélagsins.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Samskipti við foreldrafélag og foreldra eru góð og gagnvirk. Í starfsáætlun er fjallað um miðlun upplýsinga og samstarf heimilis og skóla. Þar er minnt á heimasíðu skólans, upplýsingakerfið Mentor þar sem foreldrar geta nálgast upplýsingar um ástundun, námsmat, stundaskrár, heimanám og dagbókarfærslur vegna barna sinna og tölvupóst kennara. Kennarar eru með fastan viðtalstíma einu sinni í viku og foreldradagar eru tvisvar á ári. Fram kom að það er góður aðgangur að stjórnendum og hvetja þeir foreldra til að hafa samband. Skólastjóri fundar með foreldrafélagi einu sinni í mánuði. Fram kom að foreldrar hafa samband við stjórn foreldrafélags, tengiliðir eru í bekkjum og vel er tekið undir hugmyndir foreldrafélags sem fær lánað húsnæði skólans þegar þess þarf. Foreldrafélagið er með fræðslufund einu sinni á önn.

Í fundargerð skólaráðs sem er á heimasíðu skólans má sjá fundaáætlun fyrir yfirstandandi skólaár. Þar kemur líka fram að skólastjóri kynnti skólaráði handbók fyrir skólaráð og fyrirhugað er að halda einn opinn fund á skólaárinu.

Foreldrum nemenda í 1. bekk er boðið á skólafærninámskeið að hausti og þar er meðal annars rætt um sameiginlega ábyrgð skólans og þeirra á skólabragnum en viðmælendur voru sammála um að þessi ábyrgð væri ekki kynnt foreldrum að öðru leyti.

Aðilar voru sammála um að það væri lögð rækt við að tryggja að upplýsingar um skólastarfið bærust til allra í skólasamfélaginu. Má þar nefna að einn af kennurum skólans sinnir pistlaskrifum í blaðið

Bæjarlíf sem borið er í hús einu sinni í mánuði og eru þessir pistlar jafnframt aðgengilegir á heimasíðu skólans. Skólastjóri sagðist enn fremur hafa nú í haust skrifað grein í blaðið Suðurland sem dreift er á svæðinu.

Í almennum hluta skólanámskrár er fjallað um samstarf leik- og grunnskóla og vísað í tímasetta aðgerðaráætlun fyrir skólaárið. Einnig er sagt frá samstarfi við framhaldsskóla. Loks er gerð grein fyrir samstarfi við nærsamfélagið. Við skólann starfar deild úr Tónlistarskóla Árneseinga og geta nemendur sem þess óska sótt einn hljóðfæratíma á viku á skólatíma. Samstarf er við ýmsa aðila og félög og má þar nefna eldri borgara, Fræðslunet Suðurlands, Kiwanisklúbbinn Ölver og Kvenfélagið. Fulltrúi nærsamfélagsins á sæti í skólaráði. Í húsnæði skólans er starfrækt frístund-lengd viðvera þegar hefðbundnum skóladegi 6-9 ára barna lýkur. Félagsmiðstöð unglinga er starfrækt í öðru húsnæði og er ekki í beinum tengslum við skólann. Fram kom hjá stjórnendum vilji til að efla samstarf við félagsmiðstöðina og hafa þeir fundað tvisvar með forstöðumanni hennar í haust í þessu skyni.

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Áætlanir skólans um umbætur byggja á könnunum Skólapúlsins og atriðum úr starfsmannasamtölum. Í umbótaáætlun er ekki byggt á niðurstöðum úr samræmdum könnunarprófum, lesferilmælingum eða öðrum skimunum og könnunum sem skólinn stendur sjálfur að. Ekki liggur fyrir áætlun um þróunarstarf en fram kom að ýmislegt er í gangi svo sem kennsla í forritun á öllum stigum.

Niðurstöður mats og mælinga eru nýttar til umbóta. Fram kom að umsjónarkennarar meta hvern nemanda í hverri grein og námsmat fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið, það er fært inn í Mentor og er birt á hæfnikorti og þannig er hægt að fylgjast með námsframvindu. Ráðist hefur verið í átak í læsi á unglingastigi til að auka hæfni í lestri og lesskilningi og einnig var stærðfræðin tekin föstum tökum. Ekki liggur fyrir skráð verklag um hvernig gögn um árangur, svo sem kannanir og skimanir, eru nýtt í skipulagi kennslu til að efla árangur nemenda. Í skólanámskrá er skráð verklag um hvernig upplýsingum um árangur í skólastarfi er komið til foreldra og nemenda.

Í viðtölum kom fram að stjórnendur hafa skýra sýn varðandi áherslur og markmið með breytingaferli. Nefnt var að teymiskennsla væri komin af stað í 5., 6. og 8. bekk og kennarar yngri bekkja hafa fengið kynningu á kennsluforritinu Osmo. Í símenntunaráætlun er þess gætt að að gert sé ráð fyrir þeirri starfsþróun sem umbótaverkefni krefjast.

1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Heimasíða skólans er virk og þar eru réttar og gagnlegar upplýsingar að mati viðmælenda. Foreldrar eru marktækt ánægðir með stjórnun skólans samkvæmt niðurstöðum foreldrakönnunar Skólapúlsins vorið 2017 en þátttaka var 86%.

Í skólanámskrá er fjallað um einelti og vísað í verkferli í eineltismálum og eyðublað vegna tilkynninga um einelti í nemendahópnum. Ekki liggur fyrir ferli um samskipti og lausn ágreiningsmála meðal starfsfólks. Skólareglur sem unnar voru í samvinnu starfsfólks, nemenda og foreldra skólaárið 2016-2017 eru í starfsáætlun.

Nýuppfærð rýmingaráætlun er í starfsáætlun, öryggisnefnd er starfandi og vinnur með brunamálayfirvöldum og heilbrigðisyfirvöldum og nýlega var lokið við úttekt á skólalóð. Starfsmönnum og öllum verktökum sem að skólastarfinu koma eru kynnt lög um persónuvernd og trúnað og undirrita þessir aðilar skjal um trúnað og þagnarskyldu. Fram kom að fulltrúi sveitarfélags kom á starfsmannafundi í haust og fjallaði um ný lög um persónuvernd.

Í skólanámskrá kemur fram að nemendur úr öllum árgöngum sitja í umhverfisnefnd. Nemendur sitja í skólaráði eins og kveðið er á um. Starfandi eru nemendaráð og íþróttaráð en þessi ráð eru eingöngu

skipuð nemendum úr 8.-10. bekk. Fram kom að nemendur eru kosnir í nemendaráð og upplýsa þeir aðra nemendur um hvað er á döfinni meðal annars með því að ganga í bekk.

Við skoðun á bekkjarnámskrám kemur fram að heildartími list- og verkgreinakennslu í 1.-4. bekk er 1120 mínútur á viku sem er 220 mínútur umfram viðmiðunarstundaskrá. Í 5.-7. bekk er heildartími í list- og verkgreinum 720 mínútur á viku sem er 120 mínútum minna en kveðið er á um í viðmiðunarstundaskrá. Nemendur í 8. bekk fá 160 mínútur á viku í list- og verkgreinum en nemendur í 9. og 10. bekk hafa engan tíma í list- og verkgreinum í kjarnastundatöflu. Í 9. – 10. bekk vantar því 180 mínútur á viku upp á kennslu í list- og verkgreinum. Í 1.-7. bekk eru kennslustundir í dansi og leiklist á stundatöflu bekkja, ein kennslustund á viku í hvorri grein. Á stundaskrá nemenda í 1. bekk er námsgrein sem nefnd er tónleikur sem er sambland af leikrænni tjáningu og tónlist í stað eiginlegrar tónmenntakennslu. Fram kom hjá skólastjóra að ekki hafi tekist að ráða tónmenntakennara. Tveir skólakórar eru starfandi. Yngri barna kór fyrir 2. - 4. bekk og kór fyrir nemendur í 5. – 10. bekk. Þá eru einnig mánaðarlegar söngstundir hjá öllum nemendum þar sem þeir koma saman á sal til að syngja.

Í 8. bekk eru kennslustundir í valgreinum þrjár á viku og í 9. og 10. bekk eru þær sjö á viku hvort ár. Valgreinar í þessum árgöngum ná því ekki að vera fimmtungur námstímans eins og kveðið er á um í aðalnámskrá.

1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Við stjórnun er lögð áhersla á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta. Fram kom að mikil áhersla er á jákvæð samskipti og jákvæða uppbyggingu og í haust var sérstaklega unnið með einkunnarorðin *vinátta – virðing – velgengni*. Verkaskipting stjórnenda er skráð og öllum ljós. Í skólanámskrá er skipurit skólans og á heimasíðu eru starfslýsingar. Stjórnendur funda reglulega og leitast er við að skipa niður kennslu með tilliti til menntunar og sérhæfingar kennara eins og mögulega verður við komið. Nýir starfsmenn og nýútskrifaðir kennarar fá sérstakan stuðning og tengilið innan starfshópsins og fyrir liggur skráð verkferli í móttökuáætlun.

Stjórnendur fylgjast ekki reglulega með námi og kennslu en fram kom að starfsmenn telja sér vera hrósað þegar við á. Í niðurstöðum Skólapúls vorið 2017 kemur fram að kennarar voru marktækt óánægðir með umfang mats og endurgjafar og gagnsemi kennaramats. Í umbótaáætlun 2018-2019 eru settar fram aðgerðir til að bregðast við þessum niðurstöðum, t.d. að auka faglegt samstarf kennara og setja jafningjamat og handleiðslu á dagskrá.

Starfsþróunarsamtöl fara fram einu sinni á ári og eru þau skráð. Viðmælendur sögðu að stjórnendur væru vakandi og hafi haft frumkvæði að lausn ágreiningsmála þó ekki liggja fyrir formlegt ferli.

1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna

Stjórnendur sækja sér reglulega endurmenntun sem eflir þá í starfi og sem faglega leiðtoga og skólastjóri hvetur aðra stjórnendur til starfsþróunar. Mannauður er vel nýttur og leiðtogar innan skólans leiða og bera ábyrgð á verkefnum sem snúa að skólastarfinu. Stýrihópur kennara vinnur að því að setja saman sérstakar áherslur varðandi lykilhæfni sem verður metin sérstaklega út frá lykilhæfnipáttum aðalnámskrár. Einnig er starfandi stýrihópur vegna innleiðingar á Uppeldi til ábyrgðar og skólastjórnendur hitta tengiliði stiga reglulega. Kennarar sinna einnig ýmsum fleiri verkefnum, einn kennari sinnir umsjón með heimasíðu skólans, annar sér um Bæjarlífspistilinn og þriðji er verkefnisstjóri Grænfánaverkefnisins. Einnig starfar íþróttakennari með íþróttaráði og umsjónarkennari í 10. bekk starfar með nemendaráði og aðstoðar nemendur.

Stjórnendur hvetja starfsmenn til að huga að heilsu sinni og kom fram hjá kennurum að með meiri sveigjanleika í vinnutíma geti þeir sinnt heilsurækt. Einnig eru skipulagðir fundir 1-2 sinnum á önn þar sem farið er í göngutúra.

Styrkleikar

- Stjórnendur skapa svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun starfsmanna innan og utan skólans og hafa forystu um að starfsmenn kynni sér nýja þekkingu um faglegt skólastarf.
- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna starfið í skólanum og reglulega eru faglegir samstarfsfundir þar sem árangur og aðferðir eru ræddar og ígrundun og samræða um starfshætti fer fram.
- Símenntunaráætlun sem byggir á stefnu skólans nær til allra starfsmanna og innan hennar rúmast einstaklingsbundnar forsendur til starfsþróunar og eru stjórnendur virkir í að deila upplýsingum um tækifæri til starfsþróunar.
- Skólastefna sveitarfélags, aðalnámskrá og stefna skólans eru sýnilegar í starfsháttum og stefnan er rædd meðal starfsmanna.
- Í daglegu tali og frétttaflutningi leggja stjórnendur áherslu á það jákvæða í skólastarfi og kynna sýn og stefnu skólans fyrir foreldrum og nemendum.
- Stjórnendur eiga aðkomu að stefnumótun og ákvarðanatöku um skólamál í sveitarfélaginu.
- Samskipti við foreldra eru góð og gagnvirk og leitað er eftir sýn og hugmyndum foreldra til að efla skólastarfið bæði formlega og óformlega
- Upplýsingum um skólastarfið er dreift til allra í nærsamfélaginu og lögð er rækt við jákvæða viðburði og fréttir.
- Samskipti við grenndarsamfélagið eru markviss og séð er til þess að fulltrúar þess séu virkir þátttakendur í skólaráði.
- Niðurstöður mats og mælinga eru nýttar til úrbóta og fyrir liggur verklag við að koma upplýsingum um árangur í skólastarfi til foreldra og nemenda og annarra hagsmunaaðila.
- Skólastjórnendur geta útskýrt áherslur sínar og markmið með breytingaferli.
- Í símenntunaráætlun er gert ráð fyrir þeirri starfsþróun sem umbótaverkefni krefjast.
- Heimasíðan er virk og inniheldur réttar og hagnýtar upplýsingar.
- Hagsmunaaðilar skólasamfélagsins koma að endurskoðun skólareglna.
- Skráð er hvar nemendur eiga aðkomu í ráðum og nefndum og séð er til þess að þeir eigi bakland í nemendahópnum og komi upplýsingum til annarra nemenda.
- Verkaskipting stjórnenda er öllum ljós og leggja þeir áherslu á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta.
- Kennslu er skipað niður með tilliti til menntunar og sérhæfingar kennara eins og við verður komið.
- Nýir starfsmenn og nýútskrifaðir kennarar fá sérstakan stuðning og tengilið innan starfshópsins.
- Stjórnendur eru vakandi um samskipti og hafa frumkvæði að lausn ágreiningsmála.
- Stjórnendur sækja sér reglulega endurmenntun og skólastjóri hvetur aðra stjórnendur til starfsþróunar.
- Mannauður er vel nýttur og leiðtogar innan skólans leiða og bera ábyrgð á verkefnum sem snúa að skólastarfinu.
- Stjórnendur hvetja starfsmenn til að huga að heilsu sinni og veita svigrúm til þess.

Tækifæri til umbóta

- Vinna kennslufræðilega stefnu skólans og stefnu varðandi kennsluhætti.
- Gera grein fyrir í áætlunum um nám og kennslu hvernig unnið er með stefnu skólans.
- Leggja áherslu á að kennarar geri stjórnendum grein fyrir, með reglubundnum hætti, á hvern hátt þeir auka gæði náms og kennslu.
- Vinna áætlun um þróunarstarf, ljúka vinnu við forvarnaráætlun og jafnréttisáætlun og vinna áætlun um öryggis- og slysavarnir.
- Kynna foreldrum reglulega sameiginlega ábyrgð þeirra og skóla á jákvæðum skólabrag.
- Skrá hvernig samstarfi við framhaldsskóla er hagað.

- Vinna umbótaáætlun sem byggir á virku innra mati og öðrum gögnum um árangur skólstarfsins.
- Skrá verklag um hvernig gögn um árangur og líðan svo sem kannanir og skimanir eru nýttar í skipulag kennslu til að efla árangur nemenda.
- Leggja áherslu á að koma tónmenntakennslu inn í stundatöflur nemenda til samræmis við viðmiðunarstundaskrá.
- Uppfylla viðmiðunarstundaskrá hvað varðar list- og verkgreinakennslu.
- Sjá til þess að kennslustundir í valgreinum séu fimmtungur af heildarkennslustundafjölda nemenda í 8.-10. bekk.
- Skrá ferli um samskipti og lausn ágreiningsmála meðal starfsfólks sbr. rg. 1009/2015.
- Innleiða formlega endurgjöf til kennara í kjölfar reglulegra heimsóknna í kennslustundir t.d.með jafningjamati eða mati stjórnenda.

Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námsvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	------------	--------------------

2.1 Inntak og námskrá

Í skólanámskrá og bekkjarnámskrám eru settar fram áætlanir um nám með markmiðum og viðmiðum um hæfni nemenda. Í skólanámskrá endurspeglast áherslur stjórnvalda hvað varðar skóla án aðgreiningar og þar eru grunnþáttum menntunar gerð skil. Þar kemur einnig fram að kennarar séu að útfæra mat á lykilhæfni nemenda út frá lykilhæfniþáttum aðalnámskrár. Lykilhæfniþættir skólans hafa verið skilgreindir sem þrautseigja, skapandi og gagnrýnin hugsun, samskipti og samvinna, ábyrgð og sjálfstæði og tjáning. Fyrir foreldrasamtöl í febrúar stendur til að nemendur og kennarar leggi mat á þessa þætti sem verði ræddir í foreldrasamtölum. Í skólanámskrá eru tilvísanir í skólastefnu Ölfuss sem var endurskoðuð árið 2014. Í skólanum sést að borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum nemenda. Einstaklingsnámskrár eru ítarlegar og tilgreina tilhögun og framkvæmd stuðnings við nemendur en ekki sést í bekkjarnámskrám og kennsluáætlunum hvernig námsaðlögun er háttað. Sérstakur stuðningur við nemendur fer fram í námsverinu Bjargi, í sérkennslustofum og að einhverju leyti inni í bekk með aðstoð stuðningsfulltrúa eða auka kennara. Nemendur sem eiga annað móðurmál en íslensku fá íslenskukennslu samkvæmt fyrirkomulagi sem kallast „orðaforðabjálfun“. Um 21% nemenda eru af erlendu bergi brotin og um 12% nemenda fá kennslu í „orðaforðabjálfun“. Skipulag samráðsteyma vegna nemenda með sérþarfir er til fyrirmyndar, en þar koma saman ýmsir sérfræðingar skóla- og velferðarþjónustu, foreldrar og nemendur eldri bekkja (8. – 10. bekkur) þar sem þeir hafa tækifæri til að koma að markmiðasetningu og gerð eigin einstaklingsnámskrár. Efni bekkjarnámskráa og skólanámskrár er kynnt nemendum og foreldrum á haustfundum og í viðtölum og eru þeir hvattir til að nýta sér þær upplýsingar sem þar er að finna.

2.2. Árangur náms

Reglulega er fylgst með árangri allra nemenda og hann skráður af kennurum. Þegar niðurstöður samræmdra prófa liggja fyrir funda skólastjóri og deildarstjóri stoðþjónustu með viðkomandi kennurum. Farið er yfir alla námsþætti og brugðist við niðurstöðum. Skoðað er hvort efla þurfi einstaka námsþætti eða hvort auka þurfi stuðning við einstaka nemendur.

Verkefni tengd hæfniviðmiðum eru uppfærð með jöfnu millibili í Mentor og frammistaða nemenda er skráð í hæfnikort þannig að foreldrar geta fylgst með framvindu námsins, en viðmiðum um námsmat eru gerð skil í bekkjarnámskrám. Nemendur mæta til formlegs samtals með foreldrum og umsjónarkennara tvisvar á ári. Viðmið um árangur nemenda samkvæmt lykilhæfni eru ekki formlega skráð en sú vinna stendur yfir hjá skólastjórnendum og kennurum.


Skólinn notar matstækið Lesferil frá Menntamálastofnun til að fylgjast með árangri nemenda í grunnþáttum læsis. Þar eru framfarir hvers nemanda skráðar, auk þess sem hver nemandi á sína persónumöppu þar sem yfirlit er yfir vitnisburð hvers skólaárs. Skólinn notfærir sér einnig ýmis hóp- og færniþróf til að skima nemendur, svo sem Logos, Tove Krogh, Talnalykil o.fl.

Skólinn starfar samkvæmt læsisstefnu Ölfuss fyrir leik- og grunnskóla. Að öðru leyti er ekki sett fram formleg stefna um aðgerðir til að auka árangur nemenda í námi og þeir þættir eru ekki teknir inn í umbótaáætlun í innra mati.

Í nemendakönnun Skólalámsins skólaárið 2017-2018 mælist einelti svipað og á landsvísu og tíðni þess aðeins minni en í viðmiðunarskólum. Í umbótaáætlun fyrir yfirstandandi skólaár eru aðgerðir til að vinna gegn einelti svo sem fræðsla fyrir nemendur um einelti og fjölbreytileika og vinna við eflingu gilda eins og umburðarlyndi og umhyggju sem og grunnildi skólans vináttu, virðingu og velgengni. Mynda á vinnuáætla og auka tengsl við foreldra um vinnslu mála og samskiptamála. Einnig á að koma á reglulegum bekkjarfundum til að ræða samskipti og gildi. Loks er fyrirhugað að námsráðgjafi kanni líðan og einelti í öllum bekkjum á haustönn.


Einn einkunnakvarðinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnarkvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og því er hægt að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60, meðaltalið er 30.

4. bekkur




Árangur nemenda 4. bekkjar á samræmdum könnunarprófum í íslensku hefur verið breytilegur á milli ára og verið við landsmeðaltal en einnig dalað nokkuð og þá farið undir meðaltal. Árangurinn batnaði töluvert við síðustu mælingu 2018 og var við meðaltal. Árangur í stærðfræði hefur verið að dala undanfarið á en batnaði einnig töluvert í síðustu mælingu 2018 og mældist rétt undir meðaltali.

7. bekkur




Árangur 7. bekkjar í íslensku og stærðfræði hefur verið við eða yfir landsmeðaltali undanfarin fimm ár. Árangurinn dalaði þó nokkuð við síðustu mælingu 2018 og mældist rétt undir meðaltali í íslensku en var nokkuð yfir meðaltali í stærðfræði.

9. bekkur




Árið 2017 voru samræmd könnunarpróf haldin í 9. bekk og verður svo í framtíðinni. Árangur nemenda var undir landsmeðaltali í öllum metnum fögum en af metnum fögum var hann bestur í íslensku.

10. bekkur




Árangur í 10. bekk hefur verið undir landsmeðaltali frá árinu 2015 og litlar breytingar á milli ára. Árangur í stærðfræði fór undir meðaltal árið 2015 og var enn undir við síðustu mælingu 2017 en þó hafði hann batnað nokkuð. Árangur í ensku hefur einnig verið undir meðaltali frá árinu 2015 og lítil breyting við síðustu mælingu árið 2017.



Þegar árangri árganga í íslensku er fylgt eftir sést að hann batnar lítillega á milli 4. og 7. bekkjar í flestum árgöngum. Árangurinn er breytilegur á milli árganga en heldur fleiri árgangar mælast yfir landsmeðaltali. Hins vegar dalar árangurinn á milli 7. bekkjar og mælingar á elsta stigi og fer undir meðaltalið. Þegar árangur árganga í stærðfræði er skoðaður sést að flestir árgangar mælast yfir landsmeðaltali og mjög misjafnt er eftir árgöngum hvort að árangurinn batnar eða dalar við mælingu

í 7. bekk. Flestir árgangar dala þó á milli 7. bekkjar og mælinga á elsta stigi. Árangur í 10. bekk mælist við eða undir meðaltali.

Lesferill



Vinstri myndin sýnir leshraða árganga skólans þar sem fremsta súlan eru viðmið Menntamálastofnunar. Hægri myndin er meðaltal lesinna orða nemenda (bláa línan) miðað við viðmið Menntamálastofnunar (gráu línurnar) og sambærilegt mat fyrir allt landið (rauða línan). Leshraði nemenda er um og yfir landsmeðaltali nema í 5. bekk þar sem hann er aðeins undir landsmeðaltalinu. Leshraði nemenda 10. bekkjar er mjög góður þar sem yfir helmingur nemenda nær viðmiði 3.


2.3 Gæði kennslu

Skólinn hefur ekki mótað sér samræmda stefnu hvað kennsluhætti varðar. Samkvæmt læsisstefnu er stuðst við hljóðaaðferð í lestrarkennslu yngri nemenda og nokkrir kennarar hafa unnið saman að þróun teymiskennslu. Í samtali við nokkra kennara kom fram að þeir aðhyllist leiðbeinandi kennsluhætti og hafa rætt sín á milli um áhuga á að þróa þá frekar. Skipulag kennslu og verkefna virðist um margt gott en þó þarf að huga að virkum námstíma nemenda. Ekki er í öllum tilfellum gert ráð fyrir nægum tíma fyrir nemendur til að komast í eða úr íþrótta- og sundtímum. Kennslustundir hefjast þá eða enda á sömu mínútu og íþróttaátímar eiga að hefjast eða ljúka. Þetta var sýnilegt á vettvangi í nokkrum kennslustundum þar sem nemendum var ýmist hleypt fyrir út úr tíma eða þeir voru að tínast inn í tíma eftir að kennslustund hófst.

Kennsluáætlanir voru aðgengilegar í um 20% kennslustunda á vettvangi. Þrátt fyrir ítarlegar og að flestu leyti góðar bekkjarnámskrár vantar tengingu úr þeim yfir í áætlanir kennslustunda og einstakra verkefna, sem og að gera nemendum grein fyrir markmiðum kennslustunda og verkefna. Í kennsluáætlunum þarf að koma fram hvernig aðlögun er háttað varðandi einstaka nemendur, bæði þá sem njóta sérstaks stuðnings og þá sem skara fram úr í námi. Fram kom í rýnihópasamtölum að bráðgerir nemendur fengju ekki alltaf nám við hæfi. Áður fyrr var samstarf við Fjölbrotaskóla Suðurlands vegna eldri nemenda sem tóku þar einstaka áfanga en því var hætt þegar stytting varð á framhaldsskólanáminu. Í því samhengi var nefnt að bráðgerir nemendur upplifðu sig að sumu leyti afskipta.

Vettvangsheimsóknir voru í 30 kennslustundir og voru ríflega 70% þeirra metnar góðar eða frábærar. Í vettvangsathugunum sást að mismunandi leiðir voru farnar í kennslu. Í flestum tilfellum var hið hefðbundna form bekkjarkennslu mest sýnilegt, þ.e. hver bekkur í sinni stofu með einn kennara. Þó voru dæmi um teymiskennslu í 6. og 8. bekk sem kennarar töldu vera að gefa góða raun, sem og leiðbeinandi kennsluhætti sem kennarar eldri nemenda voru að þróa sig áfram með. Til þess að þróa kennsluhætti enn frekar mætti nýta kosti teymiskennslu og leiðbeinandi kennsluhátt enn frekar til að auka frumkvæði nemenda og efla samvinnu þeirra og sköpunarkraft. Í vettvangsheimsóknunum voru

fræðandi kennsluhættir í um 63% kennslustunda, þ.e. kennarastýrðir kennsluhættir en leiðbeinandi í 10% kennslustunda. Kennsluhættir sem eru blanda af þessu tvennu voru í um 27% kennslustunda.



2.4 Skipulag náms

Skipulag náms gerir ráð fyrir að nemendur geti unnið að samþættum og heildstæðum verkefnum. Kennarar nefndu ýmis dæmi um það sem tengjast þemadögum og uppbroti á skólastarfi, samþættingu námsgreina í bóklegu námi, t.d. íslensku og samfélagsfræði og samþættingu list- og verkgreina við ýmis bókleg fög, forritunarkennslu og fjölbreyttar valgreinar í unglingadeild. Þá vinnur skólinn samfélagsverkefnið „Þorpið“ annað hvert ár, en þar stofna nemendur samfélag með sérstakan gjaldmiðil og selja vörur og þjónustu. Þar reynir námið á ýmsar námsgreinar, samskipti, samvinnu og félagslega hæfni, auk samstarfs við grenndarsamfélagið.


Öll aðstaða í skólanum er til fyrirmyndar. Skólastofur eru rúmgóðar og vel útbúnar. Rými eru til sérkennslu og sérstakrar vinnu með einstaka nemendur. Séð er til þess að nám og námsaðstæður styðji við sköpunarþörf nemenda en skólinn er vel útbúinn sérgreinastofum, tækjum og tólum. Nemendur nýta námsumhverfi á fjölbreyttan hátt, t.d. til samvinnu í opnum rýmum og þeir hafa góðan aðgang að tölvustofum, spjaldtölvum og öðrum námsgögnum.

Allir nemendur í 1.-7. bekk fá danskennslu einu sinni í viku og samstarf er við Tónlistarskóla Árnesinga. Nemendur í 9. bekk taka slátur með eldri borgurum og kór skólans syngur í íbúðakjarna eldri borgara. Kiwanis félagið styrkir ferðalög nemenda og hafa ásamt starfsmönnum farið með í ferðirnar.

Valgreinar í 8.-10. bekk eru nokkuð fjölbreyttar og leitast er við að koma til móts við margs konar áhugasvið nemenda hvað varðar sköpun, hreyfingu og listir. Heimanámsaðstoð og stoðþjónusta við kjarnagreinar á ekki að skilagreina sem valgreinar en það er gert í valgrein sem ber nafnið „vinnustofuval“. Í hefðbundnum kennslustundum í kjarnagreinum var ekki mikið um að nemendur gætu valið sér viðfangsefni og verkefni. Þó var sýnilegt í vettvangsathugunum að val viðfangsefna var skipulagt inn í verkefni nemenda í samfélagsfræði og íslensku á elsta stigi.

Umsjónarkennarar fylgjast markvisst með framförum og líðan nemenda sinna og miðla upplýsingum til foreldra, m.a. með formlegum samtölum tvisvar á ári, teymisvinnu eins og við á, vikulegum föstudagspóstum og skráningum í Mentor.

Í kennslustundaathugunum var virk samvinna á milli nemenda í 23% kennslustunda og blanda af samvinnu og einstaklingsvinnu í 27% kennslustunda. Einstaklingsvinna nemenda mældist í helmingi þeirra kennslustunda sem heimsóttar voru.



2.5 Námsvitund

Nemendur bera vaxandi ábyrgð á eigin námi eftir aldri, en eldri nemendur hafa tækifæri til aukins vals við lausn viðfangsefna. Eldri nemendur sem eru með einstaklingsnámskrár hafa komið að gerð þeirra og markmiðasetningu og sitja teymisfundum með foreldrum sínum og sérfræðingum skóla- og velferðarþjónustu. Þessi vinnubrögð mætti útfæra í almenna kennslu þar sem ábyrgð og val nemenda á eigin námi færi vaxandi eftir því sem þeir verða eldri sem og að þeir setji sér sjálfir markmið. Almennir virðast nemendur ekki hafa val um að velja sér námsaðferðir og viðfangsefni eftir námsstíl hvers og eins, nema í unglingsáttum þar sem valgreinar eru fjölbreyttar og reyna á mismunandi þætti eftir áhugasviði og styrkleikum nemenda.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Samskipti í skólasamfélaginu eru almennt jákvæð og einkennast af virðingu. Samvinna og stuðningur ríkir innan nemendahópsins og er það m.a. sýnilegt í vinnuhópum þvert á aldur og uppbyggilegu verkefni á baráttudegi gegn einelti sem teygir sig út í grenndarsamfélagið. Sjónarmiða nemenda um námsumhverfi, fyrirkomulag skólastarfs, líðan og félagslegar aðstæður er aflað í gegnum Skólalámsinn og nemendur þekkja til þess að þannig sé sjónarmiða þeirra markvisst aflað. Nemendur ræða málin við samnemendur á bekkjarfundum og eiga auk þess fulltrúa í nemendaráði og skólaráði. Fulltrúar nemenda í þeim ráðum ganga í bekk með tilkynningar og upplýsingar sem þurfa að berast nemendum. Nemendum og foreldrum var boðið til þátttöku við gerð nágildandi skólareglna og í samtölum við þá kom fram að þeir teldu vinnubrögð í skólaumhverfinu almennt lýðræðisleg og vissu hvernig þeir gætu komið sjónarmiðum sínum á framfæri.

Styrkleikar

- Skólanámskrá endurspeglar áherslur stjórnvalda og skólastefnu sveitarfélagsins, bekkjarnámskrár eru greinargóðar og tilgreina leiðir til að mæta þessum áherslum.
- Í áætlunum um sérstakan stuðning er tilhögun og framkvæmd stoðþjónustu tilgreind.
- Stuðningur við einstaka nemendur er skipulagður með rökstuddri einstaklingsnámskrá.

- Efni skóla- og bekkjarnámskráa er kynnt foreldrum og þeir hvattir til að nýta þær upplýsingar sem þar er að finna.
- Reglulega er fylgst með árangri allra nemenda og hann skráður.
- Gerð er grein fyrir viðmiðum og matskvörðum í bekkjarnámskrám.
- Framfarir nemenda eru skráðar í persónumöppu hvers nemanda.
- Námsmat tengist markmiðum náms og hæfniviðmiðum.
- Einstaklingsnámskrár tilgreina skýrt hvernig tilhögun stuðnings við einstaka nemendur er háttað.
- Nemendum er gert kleift að vinna að hluta til að samþættum og heildstæðum verkefnum.
- Séð er til þess að námsaðstæður styðji við sköpunarþörf nemenda.
- Umsjónarkennarar fylgjast markvisst með framförum og líðan nemenda sinna og miðla upplýsingum til foreldra.
- Aðstaða hvað varðar húsnæði og tækjakost er til fyrirmyndar, nemendur geta nýtt námsumhverfi á fjölbreyttan hátt og hafa aðgang að fjölbreyttum námsgögnum.
- Grenndarsamfélag skólans er markvisst nýtt í skólstarfinu.
- Foreldrar eru með í ráðum við gerð einstaklingsnámskráa og nemendum er, í vaxandi mæli eftir aldri þeirra, gefið tækifæri til að taka þátt í markmiðasetningu í einstaklingsnámskrám.
- Samskipti í skólasamfélaginu virðast um margt vera jákvæð, lýðræðisleg og einkennast af virðingu.
- Leitað er eftir sjónarmiðum nemenda um nám, líðan og fyrirkomulag skólstarfs og skráð verklag er til um hvernig þeirra er aflagð.
- Nemendur vita að markvisst er leitað sjónarmiða þeirra um námsumhverfi, fyrirkomulag skólstarfs, líðan og félagslegar aðstæður í skólanum.
- Sjónarmið nemenda hafa áhrif á nám, aðbúnað og aðstæður þeirra í skólanum.
- Nemendur fá reglulega tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á fundum í námshópum.

Tækifæri til umbóta

- Tengja grunnþætti menntunar og áætlanir um nám í bekkjarnámskrár og kennsluáætlanir.
- Tilgreina í bekkjarnámskrám og kennsluáætlunum hvernig námsaðlögun er háttað.
- Færa stoðþjónustu við nemendur í auknum mæli inn í bekkjarstarfið.
- Ljúka vinnu við útfærslu á mati á lykilhæfni nemenda og tengja við bekkjarnámskrár.
- Setja fram stefnu um aðgerðir til að bæta árangur nemenda, með tilliti til niðurstaðna kannana og skimana, svo sem samræmdra könnunarprófa, Lesferils o.fl.
- Skrá markmið kennslustunda og verkefna í kennsluáætlanir og gera nemendum grein fyrir þeim markmiðum.
- Veita bráðgerum nemendum námstækifæri við hæfi.
- Virða virkan námstíma nemenda þannig að skerðing verði ekki á kennslustundum í tengslum við íþrótt- og sundtíma.
- Gæta þess að heimanámsaðstoð og stuðningskennsla við kjarnagreinar sé ekki skilgreint sem valgreinar í unglingsdeild.
- Þjálfarar nemendur í, og gefa þeim kost á, að setja sér markmið í námi.
- Veita nemendum aukið val um námsaðferðir og viðfangsefni, til samræmis við áhugasvið og námsstíl, í sívaxandi skrefum tengt aldri og þroska

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

3.1 Skipulag

Innra mat er álitid mikilvægt og sjálfsgöður hluti af skólastarfinu og var það skoðun viðmælenda að það hafi áhrif og veiti aðhald. Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer í að meta sitt innra starf og þar er vísað í sjálfsmatsskýrslu sem er á heimasíðu.

Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer reglulega fram með einhverjum hætti. Fram kom að umsjónarkennarar meta reglulega árangur nemenda og skrá framgang námsins í Mentor.

Hvorki fer fram formlegt mat á kennslu og fagmennsku kennara, svo sem með mati skólastjóra á kennslu eða jafningjamati kennara, né mati á nýjungum í kennsluháttum. Í starfsmannakönnun vorið 2018 kemur fram hjá kennurum að niðurstöður varðandi umfang og gagnsemi mats og endurgjafar á kennslu eru marktækt lakari en í sambærilegum skólum.

Í áætlun um innra mat kemur ekki fram að val matsþátta byggi með skýrum hætti á stefnu, markmiðum og helstu viðfangsefnum og hvorki eru skilgreind viðmið um árangur sem stefnt skuli að né eru leiðir að markmiðum, svo sem verkefni, aðgerðir, áætlanir og verkferlar, hluti af innra matinu.

3.2 Framkvæmd

Í starfsáætlun skólans 2018-2019 er sjálfsmatsáætlun fyrir yfirstandandi skólaár en ekki liggur fyrir langtímaáætlun (3-5 ár) um innra mat sem myndi endurspegla að helstu þættir skólastarfsins væru metnir. Innra mat er í höndum sjálfsmatssteymis sem skipað er starfsmönnum undir stjórn aðstoðarskólastjóra en foreldrar og nemendur eiga ekki fulltrúa í teyminu. Fram kom að skólinn nýtir ekki niðurstöður samræmdra könnunarprófa, lesferils eða skimana í innra mati.

Í sjálfsmatsskýrslu 2017-2018 og sjálfsmatsáætlun yfirstandandi skólaárs sést að við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli. Gagnaöflunarleiðir hæfa þörfum skólans og taka til bæði eigindlegra og meginglegra gagna. Aðferðir við innra mat hafa ekki verið endurskoðaðar.

3.3 Umbætur

Greinargerð um innra mat er á heimasíðu með grundvallarupplýsingum um matið sem og umfjöllun um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta en þar er ekki fjallað um að hve miklu leyti markmið skólans hafi náðst. Fram kom að á starfsdegi/matsdegi að vori sé farið yfir niðurstöður kannana, þær ræddar og þá fari fram samræður um þróun og umbætur. Foreldrar og nemendur taka ekki þátt í þessari vinnu.

Umbótaáætlun er í samræmi við niðurstöður og greiningu á tækifærum og styrkleikum til umbóta og þar eru tilgreindar tímasettar aðgerðir og leiðir ásamt ábyggðaraðilum. Ekki eru tilgreindar markvissar og tímasettar aðgerðir þar sem markmið hafa ekki náðst út frá þeim viðmiðum sem sett voru. Fram kom að umbótaáætlun var kynnt skólaráði nú í haust. Aðilar voru sammála um að umbótum væri kerfisbundið fylgt eftir og nefndar voru umbætur sem eru raktar til innra mats svo sem að tekið var á einelti, kennarar fara í frímínútnagæslu, frímínútnavinir þar sem sjöundi bekkur skipuleggur leiki fyrir yngri nemendur, hópefli í starfsmannahópnum og hljóðvist var bætt á kaffistofu starfsmanna.

Styrkleikar

- Innra mat er álitid mikilvægt og sjálfsgödur hluti af skólastarfinu.
- Í skólanámskrá er umfjöllun um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf.
- Mat á námi og framförum nemenda fer reglulega fram með einhverjum hætti.
- Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda og við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli.
- Gagnaöflunarleiðir hafa þörfum skólans og byggja bæði á eigindlegum og megindegum gögnum.
- Greinargerð um innra mat er til staðar þar sem koma fram grundvallarupplýsingar um matið og þar er fjallað um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta.
- Umbótaáætlun er í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Umbótum er kerfisbundið fylgt eftir og skólinn getur sýnt fram á umbætur sem raktar eru til innra mats.

Tækifæri til umbóta

- Meta kennslu og fagmennsku kennara sem og nýjungar í kennsluháttum reglulega.
- Byggja val matsþátta með skýrum hætti á stefnu skólans, markmiðum og helstu viðfangsefnum.
- Meta markmið í stefnu skólans með einhverjum hætti reglubundið og skilgreina viðmið um þann árangur sem stefnt er að.
- Gera leiðir að markmiðum svo sem verkefni, aðgerðir, áætlanir og verkferla hluta af innra mati.
- Tryggja aðkomu allra hagsmunaaðila að umsjón með framkvæmd innra mats.
- Nýta niðurstöður úr ytra mati sem og niðurstöður samræmdra könnunarprófa, kannana og skimana í innra mati.
- Endurskoða reglulega aðferðir sem notaðar eru við innra mat.
- Fjalla um í greinargerð um innra mat að hve miklu leyti markmið skólans hafa náðst.
- Tilgreina aðgerðir þar sem markmið hafa ekki náðst út frá þeim viðmiðum sem sett voru.
- Kynna niðurstöður úr innra og ytra mati formlega fyrir hagsmunaaðilum og tryggja að fram fari umræða um þróun og úrbætur.

Þáttur 4 – Skólastarf og námsaðstæður í skóla án aðgreiningar

4.1 Menning og viðhorf

Hafa ber í huga að viðmið um þennan fjórða þátt hafa ekki farið til umsagnar og endurskoðunar líkt og önnur viðmið sem notuð eru við ytra matið. Fjórði matsþáttur er val sveitarfélags og skóla og er ekki tekinn með í prófílmmynd skólans.

Skólasamfélagið virðist hafa sameiginlegan skilning á skóla án aðgreiningar, þar sem horft er til jafnréttis og virðingar fyrir fjölbreytileika mannlífsins, en þessi atriði koma fram í kaflanum um nám og kennslu í skólastefnu Ölfuss fyrir leik- og grunnskóla. Jákvæð sýn er til margbreytileikans og virðast allir velkomnir og virtir í skólanum. Skólastjórnendur hafa forystu um að skapa þetta viðhorf og starfsmenn axla ábyrgð á að efla skólastarfið samkvæmt því. Nemendur eru boðnir velkomnir í skólann alla daga en starfsmenn í anddyri skólans taka á móti nemendum á hverjum morgni. Það er sýnilegt í skólanum að hann þjónar margbreytilegum hópi og viðurkennt að nemendur hafi ólík markmið og þurfi að beita ólíkum aðferðum við námið. Skólinn kemur til móts við foreldra sem telja sig þurfa stuðning eða talsmann og bjóða foreldrum að taka með sér stuðningsaðila á fundi eins og hver og einn telur þurfa.

4.2 Námskrá og áætlanir

Skólastjórnendur vinna árlega heildaráætlun um skipulag sérstaks stuðnings við nemendur, þar sem gerð er grein fyrir því hvernig fjölbreyttum hópi nemenda er mætt námslega og félagslega. Nokkuð er um að stuðningsfulltrúar fylgi nemendum í bekk og vinni í samstarfi við kennara varðandi aðlögun á námsefni og félagslegum þáttum. Skólinn nýtir námsverið Bjarg, sem staðsett er innan veggja skólans, fyrir nemendur sem þurfa töluverða námsaðlögun, t.d. með myndrænu skipulagi og aðstoð við félagsfærni og tjáningu. Lögum samkvæmt er nemendaverndarráð starfrækt við skólann en það hefur ekki sett sér starfs- og verklagsreglur til samræmis við ákvæði í reglugerð.

Í bekkjarnámskrám eru upplýsingar um reglubundin próf og skimanir sem framkvæmd eru í skólanum og geta aðstoðað við að draga fram upplýsingar um þá nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda. Sérstakur stuðningur er skipulagður með einstaklingsnámskrám sem unnar eru af umsjónarkennara í samstarfi við deildarstjóra sérkennslu og foreldra. Eldri nemendur taka í auknum mæli þátt í þeirri vinnu. Teymisfundir eru reglulega yfir skólaárið þar sem markmið einstaklingsnámskráa eru metin og þær endurskoðaðar í samræmi við framvindu í námi.

4.3 Upplýsingamiðlun og samskipti

Skólinn nýtur ráðgjafar og þjónustu frá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshóla, eins og við á hverju sinni. Fagaðilar innan skólans vinna saman að skipulagi sérstaks stuðnings, m.a. á reglubundnum teymisfundum. Unnið er samkvæmt skráðu skipulagi við leikskóla vegna nemenda sem þurfa sérstakan stuðning og færast á milli skólastiga. Viðeigandi gögn og upplýsingar fylgja nemendum frá grunnskólanum í Fjölbreyttaskóla Suðurlands, en þær áætlanir og verklag eru ekki formlega skráð líkt og samstarfið við leikskólastigið.

Móttökuáætlun fyrir nemendur sem þurfa á stuðningi að halda er hluti af almenna hluta skólanámskrár og birt á heimasíðu skólans. Deildarstjóri stoðþjónustu heldur reglulega fundi með þeim sem sinna stuðningi og sérkennslu. Stjórnendur tryggja, m.a. með upplýsingafundum, að allir starfsmenn skólans fái mikilvægar upplýsingar vegna velferðar nemenda í skólanum. Stjórnendur leitast við að svara málum sem berast frá foreldrum hratt og vel, en ekki hafa verið mótaðar

starfsreglur um meðferð mála sem berast frá foreldrum meðal annars varðandi verklag, samstarf og málshraða. Fyrir liggur samþykkt skjalavistunaráætlun skólans.

Á heimasíðu skólans er hægt að snúa upplýsingum á önnur tungumál í gegnum „google translate“. Túlkaþjónusta er nýtt í foreldraviðtölum eftir þörfum og við önnur tilefni ef óskað er eða það metið að þurfi.

4.4 Starfshættir

Starfsfólk vinnur í teyllum og deilir með sér ábyrgð á námi og velferð nemendahópsins. Samstarf sérfræðinga innan og utan skólans er gott. Nemendur sem eiga annað móðurmál en íslensku fá sérstaka orðaforðabjálfun. Andrúmsloft og starfshættir virðast almennt einkennast af því að fjarlægja hindranir í námi og eiga samstarf um lausnir, útfærslur, áætlanir og viðfangsefni. Stuðningsfulltrúar veita nemendum stuðning inni í bekk, en sérkennsla fer að mestu leyti fram utan bekkjar og í námsverinu Bjargi. Námsaðlögun í Bjargi getur bæði verið tímabundin og til lengri tíma, þar er einstaklingsmiðun í kennsluháttum og mest um einstaklingsvinnu nemenda.

Allir nemendur hafa sömu tækifæri til þátttöku í ferðum og viðburðum á vegum skólans. Foreldrar nemenda sem eiga annað móðurmál en íslensku eru hvattir til að nýta Frístund, sem og íþróttir og tólmstundir utan skólatíma.

Kennarar hafa aðgang að margvíslegum björgum og stuðningi. Þar má nefna matstæki, próf og skimanir, ART þjálfun fyrir tiltekna nemendur eða nemendahópa og tímabundna aðstoð á bókasafni fyrir einstaklinga og smærri hópa. Einnig fá þeir þjónustu kennsluráðgjafa, talmeinafræðinga, sálfræðinga og félagsráðgjafa hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Styrkleikar

- Sameiginleg sýn kemur fram í skólafestnu Ölfus um nám og kennslu án aðgreiningar og stefna skólans endurspeglar skóla án aðgreiningar.
- Skólastjórnendur leiða hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar og starfsmenn axla ábyrgð á henni í verki.
- Allir nemendur eru velkomnir í skólann.
- Sýnilegt er í skólanum að hann þjónar margbreytilegum hópi einstaklinga.
- Það er viðurkennt og virt að nemendur hafi ólík markmið.
- Gagnkvæm virðing ríkir meðal aðila skólasamfélagsins.
- Heildaráætlun um skipulag stuðnings við nemendur er unnin árlega og þar er gerð grein fyrir hvernig nemendum er mætt.
- Í bekkjarnámskrám eru upplýsingar um próf og skimanir sem framkvæmd eru og dregið geta fram þá nemendur sem þurfa sérstakan stuðning.
- Námsaðlögun einstakra nemenda er skipulögð í einstaklingsnámskrám og eldri nemendur koma að þeirri vinnu varðandi eigin námskrár.
- Umsjónarkennarar bera ábyrgð á einstaklingsnámskrám en njóta stuðnings deildarstjóra sérkennslu.
- Teymisfundir um málefni einstakra nemenda eru reglulegir og m.a. notaðir til að meta framvindu samkvæmt einstaklingsnámskrá.
- Starfsfólk skólans fær ráðgjöf og þjónustu frá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.
- Unnið er eftir skráðu skipulagi um samskipti við leikskóla vegna nemenda sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda.
- Móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir er hluti af skólanámskrá og birt á heimasíðu.

- Stjórnendur halda reglulega fundi vegna stoðþjónustu og tryggja að allir starfsmenn fái viðeigandi upplýsingar vegna velferðar nemenda í skólanum.
- Starfsfólk vinnur í teyrum og deilir ábyrgð á námi og velferð nemenda.
- Starfsfólk leitast við að fjarlægja hindranir í námi og þátttöku í skólastarfi.
- Kennarar hafa aðgang að margvíslegum björgum, m.a. ráðgjöf og þverfaglegri aðstoð annarra sérfræðinga.
- Aðstaða í skólanum, húsnæði og tækjakostur, tekur mið af þörfum allra nemenda.

Tækifæri til umbóta

- Móta formlega og skrá sameiginlega sýn um skóla án aðgreiningar í samræðu og samvinnu starfsfólks, foreldra og nemenda.
- Setja nemendaverndarráði starfs- og verklagsreglur til samræmis við ákvæði í reglugerð.
- Skrá með formlegum hætti verklag og samskipti við framhaldsskóla vegna nemenda með sérþarfir sem færast á milli skólastiga, þ.e. tilfærsluáætlun.
- Birta á heimasíðu starfsreglur um meðferð mála sem berast frá foreldrum meðal annars um verklag, samstarf og málshraða.
- Leitast við að veita sérkennslu og stuðning í meira mæli í námshópi nemenda.
- Leggja áherslu á samræðu og samstarf nemenda í námi þeirra.